

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur, föstudaginn 17. janúar 2014, í máli nr. E-2810/2013:

A

(Skúli Sveinsson hdl.)

gegn

B

(Bjarki Már Baxter hdl.)

Mál þetta, sem dómtekið var að lokinni aðalmeðferð 22. nóvember 2013, var höfðað fyrir dómþinginu af A, [...] á hendur B, [...], með stefnu áritaðri um birtingu 24. júní 2013.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að viðurkennt verði með dómi að fjölmyntalán samkvæmt lánasamningi aðila nr. 1150-74-048939, dagsettum 21. júlí 1998, upphaflega að fjárhæð 15.000.000 króna, sé lánasamningur í íslenskum krónum bundinn ólögumætri gengistryggingu. Stefnandi krefst einnig málskostnaðar úr hendi stefnda.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða honum málskostnað, að skaðlausu.

Gætt var ákvæða 115. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, áður en dómur var kveðinn upp.

II

Málavextir eru þeir, að hinn 21. júlí 1998 gaf félagið C út skuldabréf vegna lántöku hjá D, að fjárhæð 15.000.000 króna, eða jafngildi þeirrar fjárhæðar í CHF og/eða JPY eða í öðrum myntum sem Seðlabanki Íslands skráir, sem á hverjum tíma megi þó ekki vera fleiri en þrjár. Lánið var yfirtekið af stefnanda, samanber skuldskeytingu, dagsetta 24. ágúst 1998, og hefur stefnandi verið greiðandi af láninu frá þeim tíma. Til tryggingar skuldinni var lagt fram veðtryggingarbréf, útgefið 8. júlí 1998, að fjárhæð 15.000.000 króna, með veði í hluta fasteignarinnar að E, Reykjavík. Um var að ræða svokallað fjölmyntalán og var upphafsmyntsamsetning lánsins 158.498,70 svissneskir frankar og 14.654.161,78 japönsk jen. Lánið var veitt til þriggja mánaða frá útborgunardegi lánsins en

lántaka var heimilt að framlengja það 80 sinnum á þriggja mánaða fresti. Lánið bar millibankavexti hlutaðeigandi myntar, LIBOR-vexti, auk 2% álags. Í skilmálum lánsins segir að ef vanskil vari lengur en 15 daga teljist lánið allt í gjalddaga fallið. Þá er einnig kveðið á um það í skilmálum lánsins að kæmi til vanskila yrði vanskilafjárhæðin umreiknuð í íslenskar krónur á gengi á gjalddaga.

Hinn 24. ágúst 1998 fór fram svokölluð skuldskeyting og varð stefnandi, A, skuldari lánsins. Í skuldskeytingunni var tiltekið hverjar eftirstöðvar lánsins voru í erlendri mynt, það er, 158.498,70 svissneskir frankar og 14.654.161,78 japönsk jen. Samkvæmt skuldskeytingunni skuldbatt stefndi sig til að greiða af láninu LIBOR-vexti, auk 2% álags.

Skilmálum skuldabréfsins var í þriggja breytt, 21. júlí 2004, 4. febrúar 2005 og 2. mars 2009. Með skilmálabreytingunni 21. júlí 2004 var myntsamsetningu lánsins breytt. Þar segir að lánið hafi upphaflega verið að fjárhæð 158.498,70 svissneskir frankar og 14.654.161,78 japönsk jen. Eftirstöðvar þess á þeim tíma væru 110.824 svissneskir frankar og 10.247.104 japönsk jen. Með skilmálabreytingunni var höfuðstól lánsins breytt þannig að eftirstöðvar þess yrðu í eftirfarandi myntum: 55.641 Bandaríkjadalur, 9.904 sterlingspund, 22.803 svissneskir frankar, 2.012.686 japönsk jen og 59.740 evrur.

Með skilmálabreytingunni 4. febrúar 2005 var myntsamsetningu lánsins breytt í 65.803,41 svissneska franka, 5.748.643 japönsk jen og 57.606,42 evrur.

Í skilmálabreytingunni 2. mars 2009 voru eftirstöðvar lánsins 27. febrúar 2009 sagðar vera 46.306,10 svissneskir frankar, 40.537,86 evrur og 4.045.341 japanskt jen. Endurgreiðsluskilmálum lánsins var breytt á þann hátt að greiða átti 1/40 af höfuðstól lánsins á þriggja mánaða fresti, í fyrsta sinn 21. apríl 2010. Vexti átti að greiða á þriggja mánaða fresti, í fyrsta sinn hinn 21. apríl 2009. Lokagjalddagi lánsins átti að verða 21. apríl 2012, þó þannig að framlengja mætti lánið tvisvar sinnum til þriggja ára í senn og einu sinni til eins árs, með sama greiðslufyrirkomulagi, næðist samkomulag um kjör þess. Að öðru leyti áttu skilmálar að haldast óbreyttir.

Stefnandi kveðst á undanförunum árum hafa greitt afborganir lánsins með því að greiða inn á reikning sinn hjá lánveitanda nr. 201341. Starfsfólk lánveitanda hafi síðan fært afborganir af nefndum reikningi og inn á lánið. Við rekstrarstöðvun D hafi því fyrirkomulagi lokið án þess að gert væri nýtt samkomulag um tilhögun endurgreiðslu lánsins. Síðan hafi komið í ljós að áður nefndur reikningur hafi verið færður til G og þangað hafi stefnandi greitt um skeið. Síðan hafi stefnandi verið vísað á stefnda en ekki hafi náðst samkomulag um greiðslufyrirkomulag þar sem aðilar hafi ekki verið sammála um hverjar eftirstöðvar lánsins væru.

Stefnandi greiddi ekki af láninu innan fimmtán daga frá gjalddaga þess, 21. apríl 2010, og gjaldfelldi stefndi þá lánið. Stefnandi hefur mótmælt gjaldfellingu skuldabréfsins og telur hana óheimila. Verulega hafi verið ofgreitt af láninu þar sem lánið sé ólöglegt gengistryggt lán.

Með ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá [...] tók stefndi yfir allar eigur og önnur réttindi D, þar með talin kröfuréttindi samkvæmt umdeildum lánessamningi. D er nú í slitameðferð samkvæmt ákvæðum XII. kafla laga nr. 161/2002 um

fjármálafyrirtæki.

Ágreiningur aðila lýtur að því hvort umrædd skuldbinding stefnanda sé í íslenskum krónum og þá gengistryggð með ólögmætum hætti samkvæmt ákvæðum þágildandi vaxtalaga nr. 25/1987 og núgildandi laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, eða hvort hún sé í erlendri mynt og lánið þar með lögmætt erlent lán.

III

Stefnandi byggir kröfu sína á því að umþrættur lánsamningur sé skuldbinding í íslenskum krónum og fjárhæð hans hafi verið verðtryggð miðað við gengi erlendra gjaldmiðla. Slíkt fyrirkomulag sé í mótsögn við ákvæði 20. gr., sbr. 21. gr., þágildandi vaxtalaga nr. 25/1987 og 13. gr., sbr. 14. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu.

Stefnandi byggir á því að gengistrygging sú sem fyrir hendi sé í umþrættum lánsamningi sé ólögmæt og hafi verið það allt frá öndverðu. Um slíkar gengistryggingar hafi, á þeim tíma sem lánið var tekið, hinn 21. júlí 1998, gilt vaxtalög nr. 25/1987. Með lögum nr. 13/1995 hafi verið sett ákvæði um gengistryggingar fjárskuldbindinga í íslenskum krónum í vaxtalög nr. 25/1987, þar sem þeim hafi verið skipað í nýjan V. kafla laganna. Rekja megi forsögu reglna um verðtryggingu í þágildandi vaxtalögum nr. 25/1987 og núgildandi lögum um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 allt aftur til laga nr. 4/1960, um efnahagsmál. Í lögum um efnahagsmál nr. 4/1960 hafi 6. gr. þeirra kveðið á um að ekki væri heimilt að stofna til skuldar í íslenskum krónum með ákvæði þess efnis að hún eða vextir af henni breyttust í samræmi við gengi erlends gjaldeyris, nema um væri að ræða endurlánað erlent lánsfé, sbr. umfjöllun í dómum Hæstaréttar Íslands í málum nr. 92/2010 og 153/2010.

Í 20. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 hafi sagt að ákvæði kaflans giltu um skuldbindingar um sparifé og lánsfé í íslenskum krónum, þar sem skuldari lofaði að greiða peninga og áskilið væri að greiðslurnar skyldu breytast í hlutfalli við verðvísitölu eða vísitölu gengis á erlendum gjaldmiðli, sbr. 21. gr. laganna. Í þeirri lagagrein hafi sagt að það væri skilyrði verðtryggingar sparifjár og lánsfjár samkvæmt 20. gr. laganna, að grundvöllur hennar væri annaðhvort vísitala neysluverð, sem Hagstofa Íslands reiknaði samkvæmt lögum sem um vísitöluna gildi og birti mánaðarlega í Lögbirtingablaði, eða vísitala gengis á erlendum gjaldmiðli eða samsettum gjaldmiðlum, sem Seðlabanki Íslands reiknaði og birti mánaðarlega í Lögbirtingablaði. Um sé að ræða tæmandi talningu á þeim tilvikum þar sem gengistrygging hafi verið heimil samkvæmt þágildandi vaxtalögum nr. 25/1987. Viðskiptaráðherra hafi verið heimilað að setja nánari ákvæði um gengisvísitölur í reglugerð að fenginni tillögu Seðlabankans. Með stoð í þessari heimild hafi verið sett reglugerð nr. 151/1995, um almenna heimild til að binda inn- og útlán við gengisvísitölur SDR og ECU. Umþrætt gengistrygging sé hvorki bundin við gengisvísitölur SDR eða ECU né uppfylli hún önnur skilyrði laganna þar að lútandi og hafi því gengistrygging lánsins verið ólögmæt er það var tekið 21.

júní 1998.

Hinn 1. júlí 2011 hafi lög nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, tekið gildi og hafi þá samhliða fallið brott vaxtalög nr. 25/1987. Í lögum nr. 38/2001 hafi fortakslaust verið kveðið á um bann við að gengistryggja fjárskuldbindingar gengi erlendra gjaldmiðla. Samkvæmt 14. gr. laganna sé einungis heimilt að verðtryggja skuldbindingar sem varði lánsfé í íslenskum krónum við vísitölu neysluverðs sem Hagstofa Íslands reikni samkvæmt lögum sem um vísitöluna gildi. Þá sé einnig heimilt að miða við hlutabréfavísitölu, innlenda sem erlenda, eða safn slíkra vísitalna sem ekki mæli breytingar á almennu verðlagi.

Lög nr. 38/2001 heimili því ekki að lán í íslenskum krónum séu verðtryggð með því að binda þau við gengi erlendra gjaldmiðla. Reglur 13. og 14. gr. laga nr. 38/2001 séu ófrávíkjanlegar, sbr. 2. gr. laganna, og þar með sé jafnframt ekki heimilt að semja sérstaklega um grundvöll slíkrar verðtryggingar sem ekki sé stöð fyrir í lögum. Gengistrygging hins umþrætta láns hafi því verið ólöglegt er lánið var tekið hinn 21. júlí 1998 og sé enn, fyrst á grundvelli vaxtalaga nr. 25/1987 og síðar á grundvelli laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001.

Stefnandi byggir kröfu sína á því að umþrættur lánsamningur sé skuldbinding í íslenskum krónum. Byggist það á eftirgreindu:

Fyrirsögn lánsamningsins sé „Fölmyntalán“, sem bendi til þess að um ólöglegt gengistryggt lán sé að ræða, sbr. dóma Hæstaréttar Íslands í málum nr. 155/2011, nr. 30/2011 og nr. 31/2011.

Í málum þar sem Hæstiréttur Íslands hafi komist að þeirri niðurstöðu að um lán í erlendra mynt væri að ræða hafi fyrirsögn skuldaskjals ýmist kveðið skýrt á um að lánið væri í erlendum gjaldmiðli eða að um svokallað „Fjölmyntareikningslán“ væri að ræða, sbr. dóma Hæstaréttar Íslands í máli nr. 520/2011, þar sem fyrirsögn skuldabréfsins sem þar hafi verið deilt um hafi verið „Skuldabréf í erlendum gjaldmiðlum“, í málinu nr. 551/2011, þar sem fyrirsögn skuldabréfs hafi verið „Lánsamningur í erlendra mynt“, mál nr. 524/2011, þar sem fyrirsögn skuldabréfs hafi verið „Skuldabréf í erlendum gjaldmiðlum“, nr. 127/2013, þar sem fyrirsögn skuldabréfs hafi verið „Veðskuldabréf í erlendra mynt“ og í máli nr. 552/2011, þar sem fyrirsögn lánsamnings hafi verið „Fjölmyntareikningslán“.

Í umþrættu skuldabréfi sé lánsfjárhæðin fyrst tilgreind í íslenskum krónum. Í fyrsta málslið kafla lánsins „lánsfjárhæð“ segi: „Heildarfyrirgreiðsla D til lántaka í formi fjölmyntaláns nemur samtals ISK 15.000.000/ ISK Fimmtánmilljónir 00/100 eða jafngildi þeirrar upphæðar í CHF og/eða JPY eða öðrum myntum sem Seðlabanki Íslands skráir, sem á hverjum tíma mega þó ekki vera fleiri en þrjár.“ Lánsfjárhæðin sé því tilgreind í íslenskum krónum, en þess svo getið að hún jafngildi fjárhæð í erlendum myntum, þeim sem tilgreindar séu í framhaldinu. Þó að fjárhæðir séu síðar í lánsamningnum einnig tilgreindar í erlendra mynt séu þær fyrst tilgreindar í íslenskum krónum og það eigi að hafa áhrif á það hvort um lán í íslenskum krónum sé að ræða eða erlendum myntum, sbr. dóm Hæstaréttar Íslands í málinu nr. 524/2012.

Lánsfjárhæðin sé aðeins tilgreind í bókstöfum fyrir lánsfjárhæðina í íslenskum krónum, þ.e.a.s. „Fimmtánmilljónir“, en ekki með bókstöfum fyrir hinar erlendu myntir sem sé getið sem jafngildi þeirrar fjárhæðar í íslenskum krónum. Meginregla kröfuréttar sé að ef fjárhæð er tilgreind í bókstöfum gildi það framar tölustöfum. Þessa meginreglu megi m.a. finna í 1. mgr. 6. gr. laga um víxla nr. 93/1933. Sú staðreynd að fjárhæð lánsins sé aðeins tiltekin í bókstöfum fyrir lánsfjárhæðina í íslenskum krónum gefi óneitanlega til kynna að lánið hafi verið veitt í íslenskum krónum og aðeins gengistryggt þeim viðmiðunarmyntum sem getið sé í töflu að neðan í lánasamningnum.

Í öðrum málslið kafla lánasamningsins: „Lánsfjárhæð“ segi að „D lánar á útgáfudegi, þann 21. júní 1998 ofangreinda fjárhæð í ISK og er upphafsmyntsamsetning lánsins samsett af eftirfarandi myntum. m.v. kaupgengi D sama dag“. Þetta ákvæði lánasamningsins kveði með skýrum orðum á um að lánið sé veitt í íslenskum krónum og beri lánasamningurinn þannig klárlega með sér að um lán í íslenskum krónum sé að ræða. Þetta ákvæði lánasamningsins taki því af öll tvímæli um að lánið hafi verið veitt í íslenskum krónum þar sem sérstaklega sé tekið fram að lánveitandi láni lánsfjárhæðina í íslenskum krónum og aðeins í framhaldinu sé getið um með hvaða hætti lánið í íslenskum krónum greinist upp í ákveðnar viðmiðunarmyntir, sem sé þá tilvitnuð myntsamsetning lánsins og þar með vísitölugrunnur.

Í lánasamningnum sé stimpilgjald og lántökukostnaður reiknaður af höfuðstól lánsins í ákveðnum hlutföllum af lánsupphæð, þ.e. 1% lántökugjald og 0,5% stimpilgjald. Stimpilgjald og lántökugjald séu bæði tilgreind undir liðnum „Lánsupphæð“ í íslenskum krónum og bendi það til þess að lánsupphæðin sjálf hafi verið í íslenskum krónum.

Kafla lánasamningsins undir fyrirsögninni: „Upphafstími vaxta“ kveði á um að lánið hafi verið greitt út í íslenskum krónum á reikning í íslenskum krónum, sem bendi til þess að um lán í íslenskum krónum sé að ræða. Lánið hafi verið greitt út í íslenskum krónum og endurgreiðsla lánsins hafi einnig farið fram í íslenskum krónum. Gæta verði að því hvernig háttáð hafi verið ákvæðum samningsins um efndir aðilanna og hvernig að þeim hafi í raun verið staðið. Báðir aðilar hafi efnt skuldbindingar sínar í íslenskum krónum og ekki hafi verið kveðið á um það á nokkurn hátt að hægt væri að efna þær með öðrum hætti. Við mat á því hvort um lán í íslenskum krónum, bundið gengi erlendra gjaldmiðla, hafi verið að ræða eða lögmætt erlent lán verði að líta til þess hvernig aðilar hafi efnt skuldbindingar sínar með sama hætti og gert hafi verið í dómum Hæstaréttar Íslands í málunum nr. 3/2012 og nr. 155/2011. Engin ákvæði sé að finna í umþrættum lánsamningi um að lántaka hafi verið heimilt eða mögulegt að endurgreiða lánið í þeim gjaldmiðlum sem lánsfjárhæðin, í íslenskum krónum, sé bundin við. Ef í raun hefði verið um að ræða lán í erlendum gjaldmiðlum verði að telja að a.m.k. hefði verið gert ráð fyrir að lántaki gæti efnt skuldbindingar sínar í þeim myntum sem lánið hafi þá verið veitt í. Það hafi hins vegar ekki verið gert og aðeins hafi verið mögulegt að greiða með íslenskum krónum, enda hafi sérstaklega verið tekið fram í lánasamningnum að lánið væri veitt í íslenskum krónum.

Trygging hafi verið sett fyrir láninu í formi tryggingarbréfs í íslenskum krónum, sem bundið hafi verið lánskjaravísitölu. Umrædd trygging sé aðeins

tilgreind í íslenskum krónum en ekki erlendri mynt.

Ef horft sé heildstætt á þau atriði sem að framan séu rakin verði ekki annað ráðið en að um lán í íslenskum krónum sé að ræða, með ólögmætri gengistryggingu.

Stefnandi rökstuddi málskostnaðarkröfu sína sérstaklega með því að ósanngjarnt yrði að teljast að hann þyrfti að bíða tjón af því að standa undir málskostnaði sínum sjálfur vegna þessa máls ef niðurstaða málsins yrði á þá leið að fallist yrði á kröfur hans. Stefnandi hafi allt frá því að dómur Hæstaréttar Íslands féllu, um ólögmæti gengistryggingar í sambærilegum málum, krafist þess að lánið yrði endurreiknað í samræmi við niðurstöður dóma Hæstaréttar. Stefnandi hafi ekki orðið við þeirri beiðni heldur ýmist ekki svarað erindum stefnanda, krafist greiðslu að fullu á grundvelli dómafordæma, sem ekki standist skoðun að mati stefnanda, og gjaldfellt umþrætt lán hans. Stefnandi kveðst hafa gefið stefnda fullt tækifæri til að viðurkenna að um lán í íslenskum krónum sé að ræða með ólögmætri gengistryggingu og fullnægjandi svigrúm til að endurreikna umþrættan lánasamning, lögum samkvæmt. Stefnandi hafi því verið nauðugur einn kostur að fara með ágreininginn fyrir dóm.

Um lagarök vísar stefnandi til brottfallinna vaxtalaga nr. 25/1987, laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, og meginreglna kröfu- og samningaréttar.

Kröfu um málskostnað byggir stefnandi á XXI. kafla laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, einkum 1. mgr. 130. gr. þeirra laga.

Kröfu um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun byggir stefnandi á lögum um virðisaukaskatt nr. 50/1988. Stefnandi sé hvorki með virðisaukaskattsskylda starfsemi samkvæmt lögum nr. 50/1988 né með opið virðisaukaskattsnúmer. Lögmönnum sé gert að innheimta virðisaukaskatt af málflutningsþóknun, sbr. lög nr. 50/1988, sem stefnandi geti ekki nýtt sér í rekstri sínum sökum þess að hann stundi ekki virðisaukaskattsskylda starfsemi og beri því nauðsyn til að tekið verði tillit til skattsins við ákvörðun málskostnaðar.

IV

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að umdeild skuldbinding stefnanda á grundvelli skuldabréfs, sem hafi verið stimplað í samræmi við stimpilskyldu skuldabréfa samkvæmt lögum nr. 36/1978, um stimpilgjald, sé lögmætt lán í erlendri mynt. Skuldabréf teljist til viðskiptabréfa og gildi því reglur viðskiptabréfaréttar við úrlausn málsins. Viðskiptabréf hafi að geyma tæmandi lýsingu á réttindum sem það veiti og þeim takmörkunum sem á þeim réttindum kunnir að vera.

Skuldabréf hafi verið skilgreind sem skrifleg yfirlýsing þar sem útgefandi viðurkenni einhliða og skilyrðislaust skyldu sína til að greiða ákveðna

peningagreiðslu. Skuldabréf sé því einhliða yfirlýsing skuldara en ekki gagnkvæmur samningur. Áskilnaður framangreindrar skilgreiningar um að skuldabréf þurfi að hljóða upp á ákveðna peningagreiðslu snúi að því að í bréfinu þurfi að koma afdráttarlaust fram hver höfuðstóll skuldarinnar sé. Ekki sé unnt að komast að þeirri niðurstöðu að skuldabréf, sem skilmerkilega tilgreini skuld í erlendum myntum, sé skuld í íslenskum krónum, þvert gegn orðalagi þess. Slík niðurstaða stríði gegn meginreglum viðskiptabréfaréttar.

Stefndi kveður að af dómafordæmum Hæstaréttar verði ráðið að þegar metið sé hvort lán eða skuldbinding á grundvelli skuldabréfs sé í erlendri mynt eða íslenskum krónum skipti fyrst og fremst máli hvernig sjálf lánsfjárhæðin sé tilgreind í skuldabréfinu, sbr. einkum dóma réttarins í málum nr. 524/2011, nr. 127/2013, nr. 715/2012, nr. 757/2012 og nr. 3/2013.

Dómafordæmi Hæstaréttar séu í fullu samræmi við efni og orðalag 13. og 14. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu. Í 13. gr. laganna sé fjallað um heimildir til að verðtryggja „skuldbindingar sem varða sparifé og lánsfé í íslenskum krónum“. Augljóst sé að forsenda þess að skuldbinding verði talin verðtryggð sé að hún sé samkvæmt orðalagi ákvæðisins ákveðin og tilgreind í íslenskum krónum, enda falli skuldbindingar í erlendri mynt ekki undir VI. kafla laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, sbr. dóma Hæstaréttar Íslands í málunum nr. 92/2010 og 153/2010.

Hæstiréttur Íslands hafi aldrei komist að þeirri niðurstöðu að lán, þar sem lánsfjárhæð sé tilgreind í erlendri mynt í skuldabréfi og síðar í skilmálabreytingum, eins og í máli þessu, sé lán í íslenskum krónum sem sé gengistryggt með ólögmaetum hætti. Það sama eigi við um lán á grundvelli lánsamninga. Í þeim dómum Hæstaréttar Íslands þar sem lán hafi verið talin gengistryggð, en ekki lögmaet erlend lán, hafi skuldbindingin aðeins verið tilgreind í íslenskum krónum í skuldaskjali og gjarnan sögð jafnvirði erlendra mynta í tilteknum prósentuhlutföllum.

Stefndi telur ljóst að skuldbinding stefnanda hafi frá upphafi verið í erlendri mynt. Í upphaflegu skuldabréfi segi að „upphafleg lánsfjárhæð“ sé 158.498,70 CHF og 14.654.161,78 JPY. Þegar skuldskeyting hafi farið fram hafi upphafleg lánsfjárhæð verið tilgreind með sama hætti og jafnframt tekið fram að eftirstöðvar lánsins væru þær sömu. Stefndi kveðst leggja áherslu á að stefnandi hafi yfirtekið skuldbindingu sem tilgreind sé í skuldskeytingunni. Í skuldskeytingunni sé nákvæmlega tiltekið hver hafi verið staða lánsins í hinum erlendu myntum, sem staðfesti að lánið hafi frá upphafi verið í erlendri mynt. Stefnandi geti enda ekki borið því við að lánið hafi verið í íslenskum krónum þegar hann hafi undirritað yfirlýsingu um skuldskeytingu, þar sem hvort tveggja, upphafleg lánsfjárhæð og eftirstöðvar lánsins, sé tilgreint í erlendum myntum.

Skilmálum skuldabréfsins hafi tvívegis verið breytt og skuldabréfið áritað um þær, og sé skuldbinding stefnanda þar tilgreind í fjárhæðum hinna erlendu mynta lánsins í báðum tilvikum. Hvergi sé minnst á fjárhæð lánsins í íslenskum krónum. Öll þessi skjöl séu gefin út af stefnanda og séu skýr og ótvíræð um skuldbindingu stefnanda. Sú regla gildi um skilmálabreytingar skuldabréfa að ef getið er breytinga á höfuðstól bréfsins í skilmálabreytingu miðist eftirstöðvar þess við þann höfuðstól, sbr. dóm Hæstaréttar Íslands í málinu nr. 332/2013. Um þá

þætti skuldabréfsins sem ekki sé getið um í skilmálabreytingu gildi upphaflegur texti bréfsins.

Stefndi áréttar sérstaklega að lokagjalddagi lánsins hafi verið 21. apríl 2012. Þann dag hafi stefnanda borið að greiða CHF 46.306.10, EUR 40.537,86 og JYP 4.045.341 auk LIBOR-vaxta og álags. Þetta séu þeir skilmálar sem í gildi hafi verið milli aðila á lokagjalddaga lánsins og hafi tilgreining skuldbindingar stefnanda verið skýr og afdráttarlaus í erlendum myntum.

Stefndi kveðst hafna því að inntak og eðli skuldbindingarinnar geti ráðist af því í hvaða mynt aðalskyldur aðila hafi verið, þ.e. í hvaða mynt lánsfjárhæðin hafi upphaflega verið greidd af lánveitanda eða í hvaða mynt hafi verið miðað við að lánið yrði endurgreitt. Slíkt hafi enga þýðingu í málum þar sem lánsfjárhæð sé skýrlega tilgreind í erlendum myntum í skuldabréfi, sbr. áðurnefnda dóma Hæstaréttar Íslands og einkum þó dóm réttarins í máli nr. 715/2012. Auk þess sé á það bent að aðalskyldur aðila hafi enga þýðingu í þeim málum þar sem lánsfjárhæð sé skýrlega tilgreind í erlendri mynt í skuldaskjali, sbr. dóm Hæstaréttar Íslands í málinu nr. 50/2012.

Auk þess vísar stefndi til þessa að lán stefnanda hafi borið LIBOR-vexti, sem óumdeilt sé að eigi aðeins við um erlend lán, enda hafi LIBOR-vextir aldrei verið skráðir á lán í íslenskum krónum, sbr. dóma Hæstaréttar Íslands í málunum nr. 92/2010 og 153/2010.

Stefndi byggir kröfur sínar á því til vara, að heimilt hafi verið í lögum að gengistryggja skuldbindingar í íslenskum krónum á árinu 1998 þegar lánveitingin hafi farið fram. Í 20. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sem þá hafi verið í gildi, eins og þeim hafi verið breytt með lögum nr. 13/1995, hafi sagt að ákvæði V. kafla laganna gildi um skuldbindingar um sparifé og lánsfé í íslenskum krónum, þar sem skuldari lofaði að greiða peninga og áskilið væri að greiðslurnar skyldu breytast í hlutfalli við verðvísitölu „eða vísitölu gengis á erlendum gjaldmiðli“. Samkvæmt 21. gr. laganna hafi skilyrði verðtryggingar verið að grundvöllur hennar væri vísitala neysluverðs, vísitala gengis á erlendum gjaldmiðli eða samsettum gjaldmiðlum sem Seðlabanki Íslands reikni og birti.

Seðlabanki Íslands hafi reiknað gengi á þeim erlendu gjaldmiðlum sem lánið hafi upphaflega staðið saman af a.m.k. allt frá árinu 1981, samkvæmt heimasíðu Seðlabanka Íslands. Hafi það verið gert á grundvelli laga nr. 36/1986 sem þá hafi gilt um starfsemi Seðlabankans, sbr. einkum 15. gr. laganna, og þeirra reglugerða sem settar hafi verið með stoð í greininni. Því hafi verið heimilt að lögum að gengistryggja skuldbindingar stefnanda.

Um lagarök vísar stefndi til meginreglna kröfu- og samningaréttar, og samningalaga nr. 7/1936. Jafnframt vísar stefndi til laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, einkum 13. og 14. gr. laganna. Stefndi vísar og til brottfallinna laga um Seðlabanka Íslands nr. 36/1986 og þeirra reglugerða og reglna sem settar hafi verið á grundvelli þeirra.

Kröfu um málskostnað byggir stefndi á 130. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála.

V

Í máli þessu greinir aðila á um hvort lán, sem C tók hinn 21. júlí 1998, og stefnandi varð skuldari að með skuldskeytingu 24. ágúst 1998, hjá D, og sem stefndi leiðir rétt sinn frá, hafi verið í íslenskum krónum bundið ólögmati gengistryggingu, eða hvort um hafi verið að ræða lán í erlendum myntum.

Eins og að framan hefur verið lýst ber lánssamningur aðila vegna þessarar lánveitingar yfirskriftina „Fjölmyntalán“, þar sem segir um lásupphæð: „Heildargreiðsla D til lántaka í formi fjölmyntaláns nemur ISK 15.000.000,00/ISK. Fimmtánmilljónir 00/100 eða jafngildi þeirrar upphæðar í SHF og/eða JPY eða í öðrum myntum sem Seðlabanki Íslands skráir, sem á hverjum tíma mega þó ekki vera fleiri en þrjár. D lánar á útgáfudegi, þann 21. júlí 1998 ofangreinda fjárhæð í ISK og er upphafs myntsamsetning lánsins samansett af eftirfarandi myntum, m.v. kaupgengi D sama dag.“ Í skjalinu var þar fyrir neðan tafla þar sem tilgreindar voru myntirnar CHF og YPY, lánsfjárhæð í hvorri þeirra, kaupgengi hvorrar þeirra, hverjir væru LIBOR-vextir af hvorri mynt og 2% álag á þá vexti. Þá kemur þar fram að samtals til útborgunar komi 14.775.000 krónur, þ.e. lánsfjárhæðin í íslenskum krónum að frádregnu stimpilgjaldi og lántökukostnaði. Samkvæmt lánssamningnum skyldi lánsfjárhæðin verða greidd út í íslenskum krónum og ráðstafað inn á tilgreindan reikning stefnanda, sem óumdeilt er að var í íslenskum krónum. Þá var kveðið á um það í samningnum að greiðsla af láninu yrði skuldfærð af sama reikningi á gjalddaga og stefnandi ábyrgðist að næg innstæða væri á reikningnum. Í fyrrgreindum skilmálum lánssamningsins kemur fram að lánstími sé til þriggja mánaða frá útborgunardegi lánsins, en lántaka sé heimilt að framlengja það áttatíu sinnum á þriggja mánaða fresti. Hins vegar segir einnig í samningnum, að óski samningsaðili að ljúka uppgjöri samningsins fyrir gjalddaga, 21. júlí 2018, áskilji D sér rétt til að hækka álag sitt á þriggja mánaða útlánsvexti erlendra mynta, samkvæmt LIBOR úr 2% í 3%.

Þegar leyst er úr því hvort samningur hafi verið gerður um lán í erlendra mynt eða um sé að ræða lán í íslenskum krónum bundið gengi erlendra mynta verður fyrst og fremst lagður til grundvallar texti lánssamnings, þar sem lýst er þeim skuldbindingum sem aðilarnir takast á hendur. Þegar framangreint er virt ber form og efni umdeilds lánssamnings ekki ótvírætt með sér hvort um hafi verið að ræða lán í íslenskum krónum eða hinum tilgreindu erlendu myntum. Tilgreining fjárhæðar lánsins var þannig í íslenskum krónum að jafnvirði hinna erlendu mynta miðað við kaupgengi D á útgáfudegi þess. Hins vegar bendir hvort tveggja, yfirskrift samningsins „Fjölmyntalán“ og það að lánið átti að bera LIBOR-vexti, til þess að lánið sé í erlendum myntum. Samkvæmt samningnum, sem liggur til grundvallar láninu sem hér um ræðir, var gert ráð fyrir að það yrði greitt inn á bankareikning stefnanda, sem er í íslenskum krónum, og skuldfært af sama reikningi á gjalddaga. Þannig var miðað við að skyldur beggja samningsaðila yrðu efndar með greiðslu í íslenskum krónum, sem og varð raunin. Með áðurgreindri skuldskeytingu 24. ágúst 1998 var fjárhæð lánsins hins vegar einungis tilgreind í hinum erlendu myntum.

Skilmálum framangreinds láns var breytt 21. júlí 2004 þannig að höfuðstól þess var myntbreytt og skyldi hann nú greinast í fimm myntir, Bandaríkjadali, sterlingspund, svissneska franka, japönsk jen og evrur, og var fjárhæð höfuðstóls láns hlutans í hverri þessara mynta tilgreind í tölustöfum. Skilmálum lánsins var aftur breytt hinn 4. febrúar 2005 þannig að höfuðstól þess var myntbreytt og skyldi hann nú greinast í þrjár myntir, svissneska franka, japönsk jen og evrur, og var fjárhæð höfuðstóls láns hlutans í hverri þessara mynta tilgreind í tölustöfum. Skilmálum lánsins var enn á ný breytt hinn 2. mars 2009, þar sem eftirstöðvar lánsins í hinum erlendu myntum voru tilgreindar og endurgreiðsluskilmálum þess breytt. Með tveimur þessara skilmálabreytinga sömdu aðilar að lánsamningnum um breytingu á tilgreiningu þeirra gjaldmiðla sem mynduðu höfuðstól lánsins. Samkvæmt dómafordæmum Hæstaréttar verður að meta sjálfstætt efni og orðalag samningsins um skilmálabreytingar, hvort sá hluti lánsins sem í skilmálabreytingunni var tilgreindur í erlendum myntum teldist eftirleiðis vera gild skuldbinding í þeim myntum eða skuldbinding í íslenskum krónum, sem bundin hefði verið gengi erlendra gjaldmiðla. Í texta skilmálabreytinganna kemur fjárhæð skuldbindingar skuldara skýrt fram. Þar er fjárhæð höfuðstóls skuldar í hinum erlendu myntum tilgreind án nokkurrar tilvísunar til íslenskrar krónu eða jafnvirðisviðmiðunar við hana. Að því virtu verður lagt til grundvallar að um hafi verið að ræða gilda skuldbindingu í erlendum gjaldmiðlum í öndverðu, sem og eftir skilmálabreytingarnar, en ekki skuld í íslenskum krónum sem háð hafi verið gengistryggingu. Haggar það ekki þeirri niðurstöðu að skuldin sé í erlendra mynt þótt greiðslur samkvæmt samningnum hafi farið fram í íslenskum krónum, sbr. dóm Hæstaréttar Íslands í málinu nr. 715/2012. Ber því þegar af þeirri ástæðu að hafna kröfu stefnanda um viðurkenningu á því að lán þetta sé í íslenskum krónum bundið ólögumlega gengistryggingu.

Með hliðsjón af framangreindri niðurstöðu og með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála verður stefnandi dæmdur til þess að greiða stefnda málskostnað sem þykir hæfilega ákveðinn 500.000 krónur, þ.m.t. virðisaukaskattur.

Hervör Þorvaldsdóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð :

Hafnað er viðurkenningarkröfu stefnanda, A.

Stefnandi, A, greiði stefnda, B, 500.000 krónur í málskostnað.

Hervör Þorvaldsdóttir